

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1978
komudagur 4.3.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2013

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2012 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn, 565. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2012 um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn, 565. mál.

Hvað framangreinda tillögu til þingsályktunar varðar þá vísa samtökin almennt til sameiginlegrar umsagnar SVP og SA til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 21. nóvember 2011, um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB, frá 19. maí 2010, um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum.

SVP ítreka því framangreinda umsögn samtakanna og telja að sömu sjónarmið eigi við í máli því sem nú er til umfjöllunar hjá utanríkismálanefnd Alþingis.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinderar tillögu að þingsályktun að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur

Fylgiskjal:

1. Umsögn SVP og SA til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 21. nóvember 2011, um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB



Alþingi
Atvinnunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2011

Efni: Umsögn um töku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. maí 2010 (Directive 2010/30/EU) upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið

Vísað er til erindis atvinnunefndar Alþingis, dags. 9. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka atvinnulífsins og Samtaka verslunar og þjónustu um að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 19. maí 2010 (Directive 2010/30/EU) verði tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin varðar merkingar og upplýsingaskyldu um orkunotkun vöru sem sett er á markað.

Samtök atvinnulífsins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu skila sameiginlegri umsögn um þingsályktunartillöguna.

Samtökin benda á að umræddri tilskipun er ætlað að leysa af hólmi eldri tilskipun sama efnis, nr. 92/75/EBE frá 22. september 1992, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/94. Tilskipun 92/75/EBE var innleidd hér á landi með lögum nr. 72/1994 en á grundvelli þeirra laga hafa ýmsar tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, settar á grundvelli heimildar í tilskipun 92/75/EBE, verið innleiddar með reglugerðum hér á landi.

Tilskipun þessi, sem og forveri hennar, er hluti af aðgerðum ESB til að ná markmiðum sambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þ.a.l. einnig hluti af loftslagsstefnu sambandsins. Einnig er með þessum tilskipunum stefnt að umbreytingu í orkumálum sambandsins með því að ýta undir bættu orkunýtni með því að veita neytendum upplýsingar um orkunotkun ýmissa heimilistækja.

Staða Íslands í orkumálum er gjörólík flestum ríkjum sem eru aðilar að EES-samningnum, en hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er hér mun hærra en almennt gengur og gerist. Þannig er t.d. 99,9% af raforkuþörf Íslendinga uppfyllt með raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, hlutfall sem seint verður náð af ríkjum ESB þar sem sambærilegt hlutfall er að meðaltali rétt fyrir ofan 15%. Það sem hins vegar má segja að sé sambærilegt með Íslandi og þessum ríkjum er hlutfall orkugjafa í samgöngum, en umrædd tilskipun tekur hins vegar ekki til samgangna. Í

ljósi þessara aðstæðna má ætla að efni tilskipunarinnar hafi takmarkað gildi á Íslandi. Þegar sleppir sérstöðu Íslands í orkumálum stendur eftir það markmið tilskipunarinnar að upplýsa neytendur um orkunotkun vöru. Slíkar samræmdar upplýsingar aðstoða neytendur við að taka upplýsta ákvörðun um kaup á vörum út frá orkunotkun og öðrum eiginleikum.

Að mati samtakanna standa rök ekki til annars en að tilskipunin verði tekin upp í EES-samninginn í samræmi við skuldbindingar aðila innri markaðar EES-samningsins. Tilskipunin kann hins vegar að kalla á breytingar á lögum nr. 72/1994 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Komi til upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn og innleiðingar leggja samtökin hins vegar ríka áherslu á að það sé gert með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrir fyrirtækin haldið í lágmarki. Benda samtökin á að ef gera á kröfu um að merkimiðar séu á íslensku þá sé heppilegast að stjórnvöld sjái til þess að íslensk útgáfa merkimiðanna sé öllum söluaðilum aðgengileg. Hér má benda á að merkimiðar fyrir söluaðila í aðildarríkjum ESB eru aðgengilegir á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB (http://ec.europa.eu/energy/efficiency/labelling/energy_labelling_en.htm).

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðjón Axel Guðjónsson

f.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lárus M.K. Ólafsson